

Stjórn Fagdeildar Sjúkraflutninga

-5 fundur 5 15.3.2016-

10-12

Brautarholt 30

NP, GA, IH, AC. HMM forfallaður

1) Þing LSS

- a. Vægi hlutastarfandi innan stjórnar Fagdeildarinnar rætt. Stjórnin gerir það að tillögu sinni að fjölga um 2 í stjórninni þar sem hið minnsta verða tveir fulltrúar hlutastarfandi. Tillaga þess efnis samin og send á framkvæmdastjóra LSS sem gagn á fyrirbyggjandi þingi. Stjórnin sammála um að hvetja hlutastarfandi sjúkraflutningamenn til að mæta á aðalfund Fagdeildarinnar samhliða næsta aðalþingi LSS.

2) Fagráð sjúkraflutninga

- a. NP tilkynnir breytingar á Fagráði sjúkraflutninga. Skipunartími ráðsins rann út sl áramót. RKÍ skiptir um fulltrúa í fagráðinu; Marínó Már Marínósson hættir – í stað hans sest Gunnhildur Sveinsdóttir í ráðið.
- b. BS, yfirlæknir utanspítalþjónustu, boðar aukið vægi stöðunar úr 50% í 130%. Þannig er hægt að kalla fleiri lækna að borðinu til að vinna að ýmsum verkefnum.

3) Vinnuferlar

- a. Sbr 2 b) þá hefur BS beðið um frest varðandi uppfærslu vinnuferla þartil að málið er gengið í gegn.
- b. IH tekur að sér að undirbúa núverandi vinnuferla til endurskoðunar.
- c. Stjórnin sammála um að Vinnuferlar séu lifandi skjal og tryggt verði að þeir verði uppfærðir eftir þörfum.

4) Bíla- og búnaðarmál

- a. Bílamál rædd á síðasta fundi Fagráðs Sjúkraflutninga. NP og BF með það á sinni könnu að yfirfara kröfulýsingar varðandi málaflokkinn. Til hliðsjónar er greinargerð Faghóps um endurskoðun sjúkrabílamála.
- b. Samningur varðandi rekstur sjúkrabíla við RKÍ er runnin út.
- c. RKÍ hefur ákveðið að allir sjúkrabílar verði með Stryker börum. Mikilvægt að stólar fylgi öllum börum. Einnig að gera ferðafóstru sjúkraflugsins Strykartæka.

5) Menntunarmál

- a. Endurmenntun og viðhaldspjálfun: Stjórnin lítur skort á endurmenntun og viðhaldspjálfun stéttarinnar alvarlegum augum. Endurmenntun og viðhaldspjálfun ætti að vera bundin í reglugerð og telur stjórnin það vísustu leiðina til eflingar málaflokksins.

- b. Grunnmenntun sjúkraflutninganna:
Stjórnin upplýst um framgang grunnmenntunarinnar af NP og AC sem sitja í fagraði Sjúkraflutningaskólans og hafa unnið að endurskoðun grunnnámsins.
- c. Bráðatæknisnám
Stjórnin ræðir möguleika til þess að bráðatæknisvæða lykilstaði á landinu.
Fundarmenn sammála því málið sé mikilvægt og vinna þurfi því framgang. Fagdeildin hefur unnið að málinu og gerir það áfram. Pittsburgh er fær leið. Aðrar leiðir skoðaðar eftir því sem þær koma upp.

6) Önnur mál

- a. Gjaldtaka sjúklinga
Gjaldtaka af sjúklingum ætti að vera kerfisbundin í stað þess að vera framkvæmd bæði utan- og innanspítala.
- b. Ályktun varðandi eflingu Sjúkraflutningaskólans. – Lögð fram á komandi þingi
- c. Ályktun varðandi Vinnuferla. Lögð fram á komandi þingi
- d. Ályktun varðandi utanspítalaþjónustu – Lögð fram á komandi þingi

Fundi slitið

Fundargerð ritaði AC